Reglur um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn, frístundaklúbbinn Hrafninn

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skulu sveitarfélög bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla sbr. 33. gr. grunnskólalaga nr. 91/2018.

Markmiðið með reglum um innritun frístundaklúbbsins Hrafnsins er að gæta jafnræðis og vandvirkni við móttöku og meðferð umsókna.

Frístundaklúbburinn Hrafninn við Skálaheiði 2 (Digranesið) er frístundaklúbbur fyrir börn með fötlun í 5.-10. bekk með miklar stuðningsþarfir, þar sem önnur frístundaúrræði hæfa ekki þörfum eða hag barnsins. Í frístundaklúbbnum gefst börnum tækifæri til að njóta félagslegra samskipta, í leik og skapandi starfi eftir að skólastarfi lýkur. Markmið frístundaklúbbsins er að veita börnum sem þar dvelja öruggt athvarf og bjóða þeim upp á skipulagt frístundastarf við hæfi hvers og eins. Leiðarljós starfseminnar eru fagleg vinnubrögð, foreldrasamstarf og virðing fyrir einstaklingnum, aðstandendum þeirra og öðru starfsfólki.

1. *Inntökuskilyrði:*

   Hrafninn er ætlaður börnum með fötlunargreiningu, til dæmis þroskahömlun, dæmigerða einhverfu eða ódæmigerða einhverfu og hamlandi viðbótarröskun. Skilyrði er að fötlun barns hafi verið greind hjá viðurkenndum greiningaraðilum eins og Greiningar og ráðgjafastöðvar eða Geðheilsumiðstöð barna, BUGL og Sól sálfræði- og læknisþjónusta. Nemendur með fötlun í grunnskólum Kópavogs hafa forgang á þjónustuna.

2. *Umsóknarferli:*

   Foreldrar geta sótt um í Hrafninn fyrir börn sem uppfylla inntökuskilyrði og eru með lögheimili í Kópavogi telji þeir að þörfum barnsins verði ekki mætt í almennu frístundaúrræði. Foreldrar skulu heimsækja og kynna sér frístundaklúbbinn Hrafninn og starfsemi áður en umsókn er tekin fyrir.

3. *Umsóknarfrestur:*

   Umsóknum vegna barns skal skilað í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar fyrir **15. júní ár hvert**.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

4. *Starfshættir og mat á umsóknum:*

   Forstöðumaður Hrafnsins fer yfir umsóknir, metur þær og kynnir sér umsækjendur og aðstæður þeirra í viðkomandi grunnskóla. Upplýsingar um barnið eru sóttar til skóla eða ráðgjafa á velferðarsviði, að höfðu samráði við foreldra og með þeirra samþykki. Foreldrar hafa samráð við barn sitt að teknu tilliti til aldurs þess og þroska.

   a. Við mat á umsóknum skal tekið mið af:

      i. Fyrirliggjandi greiningu á fötlun nemandans frá viðurkenndum greiningaraðilum.
      ii. Mati á stuðningsþörf (SIS) frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
      iii. Mati á náms- og félagslegri stöðu nemandans, félagslegri þátttöku og líðan.
      iv. Óskum foreldra og nemanda að teknu tilliti til aldurs og þroska.
      v. Mati á heildrænni þjónustuþörf og réttindum í samræmi við 2. og 5. gr. leiðbeininga Félagsmálaráðuneytis um framkvæmd frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni sbr. 16 gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
      vi. Nemendur með fötlun í grunnskólum Kópavogs hafa forgang á þjónustuna.

Forstöðumaður gætir jafnræðissjónarmiða við mat og afgreiðslu umsókna.

5. *Afgreiðsla umsókna:*

   Forstöðumaður Hrafnsins í samvinnu við deildarstjóra frístundadeildar tekur ákvörðun um samþykki umsóknar á grundvelli inntökuskilyrða og tilkynnir foreldrum/forráðamönnum um niðurstöðuna skriflega.

6. *Þjónustutími*

   Frístundaþjónusta tekur við þegar reglubundnum skóladegi lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki.

7. *Upplýsingamiðlun og þagnarheit*

   Tryggja skal gagnkvæma upplýsingamiðlun á milli notanda þjónustunnar, viðkomandi skóla, ráðgjafa barns frá velferðarsviði og frístundaþjónustu. Starfsmenn Hrafnsins undirgangast þagnarheit varðandi upplýsingar um notanda og fjölskylduhagi hans. Þagnarskyldan helst áfram eftir að þjónustu lýkur.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, sbr. einnig leiðbeiningar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Félagsmálaráðuneytis fyrir sveitarfélög varðandi framkvæmd frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni skv. fyrrgreindum lögum.

Samþykkt í menntaráði 7. september 2021.

Endurskoðuð og samþykkt í menntaráði 1.apríl 2025.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026